



Árstíðabundið rennsli í Palikir gígnum

ESP_031102_1380



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Árstíðabundið rennsli sem sést hefur í hlýjum hlíðum á Mars gætu verið af völdum saltvatnsrennslis sem enn í dag er virkt ferli á Mars, þegar hitastig á yfirborðinu er heppilegt (fer upp fyrir frostmark vökvans). Í Palikir gígnum, sem er innan í miklu stærri gíg, Newton gígnum, eru mörg þúsund stakar rennslismyndanir sem kallast „Recurring Slope Line“ eða RSL. Á tilteknum stöðum á miðlægum breiddargráðum á suðurhveli, myndast og vaxa RSL línur á hverju sumri en dofna síðsumars og á haustin. Nærmynd sýnir samanburð á RSL línunum frá því fyrir einu Marsári annars vegar og mjög nýlega hins vegar á litlu svæði í brattri norðvesturhlíð Palikir gígsins. Nýja myndin sýnir að RSL línurnar eru örlítið umfangsmeiri og lengri en á nærri sama tíma fyrir einu Marsári.